



**Við viljum gera enn betur
– jafnrétti varðar okkur öll**



Námskeið og samskiptafundur fyrir nýskipaðar jafnréttisnefndir


Jafnréttisstofa, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga boða til fundar þann 21.-22. september á Hótel Örk í Hveragerði. Dagskráin hefst kl. 13:00 þann 21. september og lýkur kl. 13:00 næsta dag. Skráning fer fram á jafnretti@jafnretti.is en henni lýkur 8. september.

Á fundinum verður samstarf nýrra jafnréttisnefnda næstu fjögur árin skipulagt. Samstarfsverkefni verða rædd og skipulögð auk þess sem Jafnréttisstofa kynnir verkefni sem unnin verða á kjörtímabilinu. Nefndum verður einnig gefið tækifæri á að finna farveg fyrir samstarf sín á milli, t.d. eftir stærð þeirra og staðsetningu.

Jafnréttisstofa mun fjalla sérstaklega um gerð jafnréttisáætlana. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 96/2000 er sú skylda lögð á sveitarfélögin að vinna markvisst að því meðal annars að:

- jafna stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum
- gera jafnréttisáætlanir
- stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf
- greiða konum og körlum jöfn laun
- koma í veg fyrir kynferðislega áreitni

Til þess að geta sinnt þessu hlutverki sínu þarf að leita ráðgjafar og aðstoðar. Jafnréttisstofa býður því nýjum sveitarstjórnnum upp á námskeið um jafnréttisstarf. Helstu efnisþættir þess eru hugmynda- og aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða, staðreyndir og tölur um stöðu kynjanna og gerð jafnréttisáætlana. Nánari upplýsingar: www.jafnretti.is og jafnretti@jafnretti.is



enn betur
varðar okkur öll

Frekari upplýsingar:
www.jafnretti.is
<http://felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/jafnrettismal/>
www.samband.is/



Við viljum þera
– jafnrétti



Kæru sveitastjórnarmenn

Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa skora á nýkjörnar sveitarstjórnir að huga að jafnrétti kynjanna við stefnumótun í málefnum sveitarfélaganna og skipan í nefndir, ráð og stjórnir sem starfandi eru innan þeirra.

Myndin hér á forsiðu sýnir kynjahlutföll sveitarstjórnanna eftir nýafstaðnar kosningar. Vonast er til að jafnrétti endurspeglis í skipan nefnda, ráða og stjórna.

Hafið ávallt í huga að ákvarðanir sveitarstjórna koma til með að hafa áhrif á líf íbúa sveitarfélagsins og kunna að hafa mismunandi áhrif á karla og konur, stelpur og stráka.

Við minnum á að sveitarfélögin eru jafnframt stórir vinnuveitendur og mikilvægt að jafnréttis kynjanna sé gætt á vinnustöðum þeirra.

Liðsstyrkur ykkar skiptir máli við að koma á jafnrétti kynjanna í daglegu lífi okkar allra.

Virðingarfyllst,




Jón Kristjánsson
félagsmálaráðherra




Margrét María Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

Lykilatriði er að:

- **tilnefna bæði konur og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins.**

Í lok kjörtímabilsins 2002-2006 voru kynjahlutföll í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga 38-62% körlum í hag. Það hefst með markvissri vinnu að jafna kynjahlutföllin í öllum nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eins og lög gera ráð fyrir.

- **sambætta jafnréttissjónarmiðin við stefnumótun á öllum sviðum.**

Mikilvægt er að allir sem koma að stefnumótun og töku ákvarðana flétti sjónarhorn kynjajafnréttis inn í stefnur og ákvarðanir á öllum sviðum sveitarfélagsins.

- **íbúarnir eru bæði konur og karlar, stelpur og strákar.**

Það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að vita hverjir nýta sér þjónustu þess og þörfum hverra það mætir. Er fjármunum sveitarfélagsins vel varið og koma þeir sér jafn vel fyrir hagsmunum kvenna og karla, stelpna og stráka? Mælt er með notkun kynjagleraugna við gerð fjárhagsáætlana til að skoða hvaða áhrif þær hafa á líf kynjanna.

- **tölulegar upplýsingar séu greindar eftir kyni.**

Kyngreindar tölulegar upplýsingar eru mikilvægar til að átta sig á stöðu íbúanna innan sveitarfélagsins. Þær eru nauðsynlegt tæki þegar þjónusta við íbúa er skipulögð til að finna hvar skóinn kreppir svo gera megir enn betur.

- **kynna jafnréttisáætlanir sveitarfélaganna.**

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eiga sveitarstjórnir að fela ákveðinni nefnd umsjón með jafnréttismálum. Þessi nefnd skal taka þátt í því að setja jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið til næstu fjögurra ára. Áætlunina á að leggja fram eigi síðar en ári eftir kosningar og unnið skal eftir henni út kjörtímabilið. Mikilvægt er að allir aðilar sem vinna hjá sveitarfélaginu og þiggja þjónustu þess þekki rétt sinn og skyldur þegar kemur að jafnréttismálum.

- **koma á jafnrétti innan vinnustaða sveitarfélagsins.**

Vissir þú að 72% starfsmanna sveitarfélaga eru konur en 28% eru karlar? Endurspeglast þessi hlutföll í stjórnendahópnum? Mikilvægt er að skoða þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda um störf hjá sveitarfélaginu ef reynslan sýnir að annað kynið sækir frekar um tiltekna tegund starfa. Er til dæmis vísað til hæfni og menntunar sem annað kynið býr frekar yfir? Þú hefur tækifæri til að taka þátt í að þróa og móta framtíðarstefnu í starfsmannamálum sveitarfélagsins.

- **vinna að því að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.**

Mikilvægt er að gæta að því að skapa ekki ósamrýmanlegar aðstæður milli fjölskyldu- og atvinnulífs. Starfsfólk sveitarfélaganna gegnir mörgum hlutverkum í lífinu og við þurfum að gera þeim kleift að sinna þeim. Nýtið tækifærin sem myndast við breytingar til að auka jafnrétti með bættu vinnuskipulagi í takt við kröfur nútímans.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Jafnréttisstofu: www.jafnretti.is.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 96/2000

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði.

Markmiði þessu skal náð með því að:

- a. gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins,
- b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu,
- c. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
- d. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
- e. efla fræðslu um jafnréttismál,
- f. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
- g. efla rannsóknir í kynjafræðum.

10. gr. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3-5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

20. gr. Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000096.html>

